

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

SKULDBINDANDI REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSAMNINGAR RÍKISINS

JÚNÍ 2011

Samkvæmt *Frumvarpi til fjárlaga 2011* greiðir íslenska ríkið það ár alls 39,6 ma.kr. til ýmissa verkefna sem samtök, einkaaðilar eða sveitarfélög sinna samkvæmt skuldbindandi rekstrar- eða þjónustusamningum við ríkið. Fyrirsjáanlegt er að árlegar greiðslur ríkisins verði svipaðar næstu þrjú ár. Samtals nema skuldbindingar þess því um 158,4 ma.kr. á tímabilinu 2011–14. Alls eru skuldbindandi samningar ríkisins 116 og skiptast þeir eftir eðli sínu í þrjá flokka sem merktir eru A, B og C í frumvarpi til fjárlaga.

Samningar í flokki A falla undir 30. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997 og standa bæði fag- og fjármálaráðherra að þeim. Þessir samningar varða viðfangsefni eða þjónustu sem ríkinu ber lögum samkvæmt að veita og standa undir kostnaði af eða eru liður í því að ríkisaðili geti rækt lögbundið hlutverk sitt. Flestir þeirra lúta að skóla- og heilbrigðismálum. Alls eru 42 samningar í þessum flokki árið 2011, þ.e. 36,2% allra samninga, og nema greiðslur vegna þeirra 19,1 ma.kr., þ.e. 48,3% heildarfjárhæðar allra samninga.

Samningar í flokki B og C varða verkefni sem ríkinu er ekki skylt að sinna. Lítil munur er á þeim, utan hvað fjármálaráðuneyti kemur að hinum fyrrnefndu. Þeir eru alls 11 árið 2011, þ.e. 9,5% allra samninga, og nema greiðslur vegna þeirra 12,7 ma.kr., þ.e. 32% heildarskuldbindinga. Í þessum flokki vega langþýngst þrír búvörusamningar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (alls 10,6 ma.kr.).

Yfirleitt stendur fagráðuneyti eitt að samningum í flokki C. Alls eru þeir 63 árið 2011, þ.e. 54,3% allra samninga, og nema greiðslur vegna þeirra 7,8 ma.kr., þ.e. 19,7% heildarskuldbindinga. Flestir samninganna eru á sviði mennta- og menningarmála (29 alls) og er samningur við Ríkisútvarpið ohf. langstærstur þeirra (tæpir 3 ma.kr.).

Í skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamningum ríkisins er oftast kveðið á um heimild Ríkisendurskoðunar til að endurskoða þá. Mjög misjafnt er hins vegar hvort samninga- og ársreikningar sem tengjast þeim berast stofnuninni.

Útrunnir samningar

Athygli vekur að 33 þeirra 116 samninga sem greitt er samkvæmt á árinu 2011 eru útrunnir, þ.e. rúm 28% allra þeirra. Enn er þó starfað samkvæmt þeim. Flestir runnu samninga-

arnir út árið 2010 en allmörg dæmi eru um samninga sem giltu til 2005–09 og einn sem gildi fram á mitt ár 2001. Eitt ráðuneyti sker sig úr vegna fjölda útrunninna samninga: Mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem 26 samningar af 44 eru útrunnir. Þá eru 5 af 27 samningum velferðarráðuneytis útrunnir.

Ríkisendurskoðun er kunnugt um að mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur að því að endurskoða það form sem það notar vegna rekstrar- og þjónustusamninga og ráðgerir það að endurnýja alla samninga sína að því loknu. Þá stefnir ráðuneytið að því að koma á skráningar- og vöktunarkerfi fyrir samninga sína.

Útrunnir rekstrar- og þjónustusamningar

	SAMNINGAR	ÚTRUNNIR	%
FORSÆTISRÁÐUNEYTI	1	0	0,0
MENNTA- OG MENNINGARMÁLAR.	44	26	59,1
UTANRÍKISRÁÐUNEYTI	12	1	8,3
SJÁVARÚT.- OG LANDBÚNAÐAR.	4	0	0,0
VELFERÐARRÁÐUNEYTI	27	5	18,5
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	4	0	0,0
INNANRÍKISRÁÐUNEYTI	16	1	6,3
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI	6	0	0,0
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTAR.	0	0	0,0
UMHVERFISRÁÐUNEYTI	2	0	0,0
SAMTALS	116	33	28,4

Samkvæmt *Frumvarpi til fjárlaga 2011* nema skuldbindingar ríkisins vegna útrunninna rekstrar- og þjónustusamninga alls um 33 ma.kr. á tímabilinu 2011–14, þ.e. 20,8% heildarskuldbindinga ríkisins vegna slíkra samninga.

- **RÍKISENDURSKOÐUN TELUR ÓVIÐUNANDI AÐ UNNIÐ SÉ ÁRUM SAMAN SAMKVÆMT ÚTRUNNUM REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSAMNINGUM. MIKILVÆGT ER AÐ ÞEIR VERÐI ENDURNÝJAÐIR SEM FYRST.**
- **JAFNFRAMT ÞVÍ SEM SAMNINGAR ERU ENDURNÝJAÐIR ÞARF AÐ GERA UPP ÞJÓNUSTU- OG FJÁRHAGSSKULDBINDINGAR ELDRI SAMNINGA.**
- **MIKILVÆGT ER AÐ RÁÐUNEYTIN TRYGGI AÐ RÍKISENDURSKOÐUN BERIST ÁVALLT AFRIT SAMNINGA OG ÁRSREIKNINGA SEM TENGJAST ÞEIM.**



RÍKISENDURSKOÐUN